



SUMARKOKTEILAR



HVAÐ SKAL DREKKA
MEÐ GRILLMAT?

Afgreiðslutími

VÍNBUÐA



Sjá upplýsingar um afgreiðslutíma á heimasíðu
www.vinbudin.is

Höfuðborgarsvæðið	mán-fim.	fös.	lau.	sími	teg	heimilisfang
Austurstræti	11-18	11-19	11-18	562-6511	500	Austurstræti 10a, 101 Rvk
Borgartún	11-18	11-19	11-18	561-8001	600	Borgartún 26, 105 Rvk
Dalvegur	09-20	09-20	11-18	564-5070	500	Dalvegi 2, 201 Kóp
Eiðistorg	11-18	11-19	11-18	561-1800	1000	Eiðistorgi 13, 170 Seltj.
Garðabær	11-18	11-19	11-18	555-6525	500	Garðatorgi 7, 210 Garðab
Hafnarfjörður	11-18	11-19	11-18	565-2222	1000	Fjarðargötu 13-15, 220 Hafn
Heiðrún	11-18	11-19	11-18	560-7720	ALLT	Stuðlahálsi 2, 110 Rvk
Kringlan	11-18	11-19	11-18	568-9060	ALLT	Kringlunni 8-12, 103 Rvk
Mosfellsbær	11-18	11-19	11-18	586-8150	500	Þverholti 2, 270 Mosfellsbæ
Skeifan	09-20	09-20	11-18	588-3100	500	Skeifunni 5, 108 Rvk
Smáralind	11-18	11-19	11-18	544-2112	1000	Hagasmára 1, 201 Kóp
Spöngin	11-18	11-19	11-18	586-1617	500	Spönginni 29, 112 Rvk
Stekkjarbakki	11-18	11-19	11-18	567-0400	500	Stekkjarbakka 6, 109 Rvk

Landsbyggðin	mán-fim.	fös.	lau.	sími	teg	heimilisfang
Akureyri	11-18	11-19	11-16	462-1655	1000	Hólabraut 16, 600 Akureyri
Akranes	Sumar Vetur	11-18 12-18	11-19 11-14	431-2933	300	Þjóðbraut 13, 300 Akranes
Blönduós	Sumar Vetur	14-18 14-18	12-19 14-19	452-4501	200	Aðalgötu 8, 540 Blönduós
Borgarnes	Sumar Vetur	11-18 12-18	11-19 11-14	431-3858	300	Borgarbraut 58-60, 310 Borgarnes
Búðardalur		17-18	16-18	434-1303	100	Vesturbraut 15, 370 Búðardalur
Dalvík	Sumar Vetur	11-18 13-18	11-19 11-19	466-3430	200	Hafnarbraut 7, 620 Dalvík
Djúpvogur		17-18	16-18	478-8270	100	Búlandi 1, 765 Djúpvogur
Egilsstaðir	Sumar Vetur	11-18 12-18	11-19 11-14	471-2151	300	Miðvangi 2-4, 700 Egilsstaðir
Fáskrúðsfjörður		17-18	16-18	475-1530	100	Búðavegi 35, 750 Fáskrúðsfjörður
Grindavík		14-18	12-18	426-8787	200	Víkurbraut 62, 240 Grindavík
Grundarfjörður		17-18	16-18	438-6994	100	Hrannarstíg 3, 350 Grundarfjörður
Hella	Sumar Vetur	11-18 14-18	11-19 14-19	585 7587	200	Suðurlandsvegi 1, 850 Hella
Hólmavík		17-18	16-18	455-3110	100	Höfðatúni 4, 510 Hólmavík
Húsavík		14-18	14-19	464-2230	200	Garðarsbraut 21, 640 Húsavík
Hvammstangi		17-18	16-18	455-2321	100	Höfðabraut 6, 530 Hvammstangi
Hveragerði	Sumar Vetur	11-18 12-18	11-19 11-19	481-3932	200	Breiðumörk 1, 810 Hveragerði
Hvolsvöllur	Sumar Vetur	11-18 14-18	11-19 14-19	487-7797	200	Austurvegi 3, 860 Hvolsvöllur
Höfn	Sumar Vetur	14-18 14-18	12-19 14-19	478-1977	200	Vesturbraut 1, 780 Höfn í Hornafirði
Ísafjörður	Sumar Vetur	11-18 12-18	11-19 11-14	456-3455	300	Aðalstræti 20, 400 Ísafjörður
Keflavík		11-18	11-19	421-5699	500	Hafnargötu 51, 230 Reykjanesbær
Kirkjubæjarklaustur		17-18	16-18	487-4628	100	Skaftárskála
Neskaupstaður		14-18	14-18	477-1890	200	Hafnarbraut 6, 740 Neskaupstaður
Ólafsvík		14-18	14-18	436-1226	200	Mýrarholti 12, 355 Ólafsvík
Patreksfjörður	Sumar Vetur	14-18 14-18	14-19 14-18:30	456-1177	200	Þórsstötu 10, 450 Patreksfjörður
Reyðarfjörður		14-18	14-19	474-1406	200	Hafnargötu 2, 730 Reyðarfjörður
Sauðárkrúkur	Sumar Vetur	11-18 12-18	11-19 11-19	453-5990	300	Smáragrund 2, 550 Sauðárkrúkur
Selfoss		11-18	11-19	482-2011	500	Vallholti 19, 800 Selfoss
Seyðisfjörður		17-18	16-18	472-1700	100	Hafnargötu 2a, 710 Seyðisfjörður
Siglufjörður		14-18	14-19	467-1262	200	Eyrargötu 25, 580 Siglufjörður
Stykkishólmur	Sumar Vetur	14-18 14-18	14-19 14-19	430-1414	200	Aðalgötu 24, 340 Stykkishólmur
Vestmannaeyjar	Sumar Vetur	11-18 12-18	11-19 11-19	481-1301	300	Strandvegi 50, 900 Vestmannaeyjar
Vík í Mýrdal		17-18	16-18	487-5730	100	Austurvegi 18, 870 Vík
Vopnafjörður		17-18	16-18	473-1403	100	Hafnarbyggð 4, 690 Vopnafjörður
Þorlákshöfn		17-18	16-18	483-3585	100	Selvogsbraut 4, 815 Þorlákshöfn
Þórshöfn		17-18	16-18	468-1106	100	Langanesvegi 2, 680 Þórshöfn

Sumar: júní – ágúst / Vetur: sept – maí

Sjá upplýsingar um netföng á www.vinbudin.is

EFNISYFIRLIT

Leiðari	2
Fréttir úr vínbúðum	3
Grillað með vínráðgjafanum	4–5
Töfraborgin Veróna og nærsveitir	6–7
Hvernig á að smakka vín?	8–9
Sólpallavín	10
Áfengi í mat	11
Sumarkokteilar	12–13
Hvað skal drekka með grillmat?	14
Árgangatafla ÁTVR 2006	16
Vöruskrá	17

Vöruskrá

• Rauðvín.....	18
• Hvítvín	38
• Sætvín	50
• Rósavín	51
• Freyðivín.....	52
• Líkjörvín	56
• Sterkt áfengi	62
• Brandí, armanac, cognac.....	63
• Brandí, hratbrandí.....	63
• Calvados, Eau-de-Vie, viskí	64
• Romm	65
• Tekíla, vodka, gin.....	65
• Sénever, akvavit, anís, snafs, kryddromm ..	67
• Skot, sake	68
• Annað áfengi undir 15%.....	69
• Bjór.....	70
• Bjórkútar.....	75
• Kassavín	76
• Óáfengt.....	79
• Gjafavara	80
• Viðurkennd lífræn vottun	81

Vörur í stafrófsröð	82
---------------------	----

Matartákn	96
-----------	----

Vínblaðið, 2. tbl. 6. árg. júní 2008

Útgefandi: Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, ÁTVR

Ábyrgðarmaður: Ívar J. Arndal

Ritstjóri: Guðfinna Ásta Birgisdóttir

Ritstjórn: Gissur Kristinsson, Jóna Grétarsdóttir, Páll Sigurðsson

Samantekt á vöruskrá: Skúli Þór Magnússon

Hönnun, umbrot og prentun: Oddi ehf. / P08.03.551

ISSN-1670-7532

Öll verð og verðbreytingar birtast í vörulista á heimasíðu ÁTVR, www.vinbudin.is
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur. Áskilinn er réttur til leiðréttinga.



Leiðari

GRILLIN úr vetrar- kápunum

Grillykt er ein helsta tenging mín við sumarið á Íslandi. Um leið og sól hækkar á himni og síðustu klakabunkarnir hverfa taka landsmenn fram grillin undan hlífðarkápunum sem verndar þau gegn vályndum vetrarveðrum (stundum, eins og í mínu tilfelli, þá sér íslenski vindurinn alfarið um þau handtök). Í þessu blaði er allt sem þú þarft til að tengja saman grillmatinn og vínið: Vínráðgjafarnir okkar hafa tekið sig saman og grillað fyrir okkur og leiðbeina um leið hvaða vín henta með grillmatnum. Á meðan beðið er eftir að steikin/fiskurinn/grænmetið klárast á grillinu mæli ég með því að þú flettir blaðinu og lærir allt um uppáhalds sumarkokteilana hans Palla vínráðgjafa og skoðir það sem Gissur vínráðgjafi hefur að segja um sólpallavínin og ákveðinn víngarð í töfraborginni Veróna

Fyrir hönd starfsfólks Vínbúðanna vona ég að sumarið verði þér gæfuríkt og að þú, lesandi góður, hafir gagn og gaman af fróðleiknum í þessu blaði. Ekki er úr vegi að minnast á að þú getur alltaf hitt vínráðgjafana okkar í Vínbúðunum og fengið hjá þeim góðar og gagnlegar ráðleggingar.

Gleðilegt sumar!

Einar Snorri Einarsson
framkvæmdastjóri
sölu- og þjónustusviðs



Ný Vínbúð opnar í Borgartúni

Ný Vínbúð hefur verið opnuð í Borgartúni 26. Í versluninni, sem er 450 fermetrar að stærð, verður lögð sérstök áhersla á gæðavín og vínráðgjöf. Opnun verslunarinnar er í samræmi við þá stefnu ÁTVR að byggja upp þjónustu með þarfir hinna ólíku viðskiptavina í huga og grundvallar Vínbúðirnar á hvatningu til að njóta áhugaverðrar tengingar matar og vína.

ÁTVR hefur einnig hafið nýja auglýsinga-herferð þar sem lykilsetningin er: Láttu ekki vín breyta þér í svín, drekktu eins og manneskja. Markmiðið er að minna fólk á að umgangast áfengi af ábyrgðartilfinningu og sóma.

Ný Vínbúð í Skútuvogi

Ákveðið hefur verið að opna nýja Vínbúð á árinu að Skútuvogi 2. Vínbúðin verður með sama afgreiðslutíma og Vínbúðin Skeifunni og Vínbúðin Dalvegi eða frá 9- 20 alla virka daga og 11-18 á laugardögum og er reiknað með að hún verði með 1000 tegundir. Skipulag Vínbúðarinnar verður með svipuðum hætti og í Vínbúðunum Skeifunni og Borgartúni þar sem allur bjór verður í kæli til að koma til móts við óskir viðskiptavina.




Láttu ekki vín breyta þér í svín-drekktu eins og manneskja

Vínbúðirnar hafa nú sett í loftið nýja auglýsinga-herferð þar sem lykilsetningin er: Láttu ekki vín breyta þér í svín, drekktu eins og manneskja. Markmiðið er að minna fólk á að umgangast áfengi af ábyrgðartilfinningu og sóma.

Bent er á að þegar fólk drekkur of mikið gerir það stundum hluti sem það annars gerir ekki. Til að koma þessari hugmynd til skila er fólk, sem hegðar sér ósæmilega við aðstæður sem almenningur þekkir og mislíkar, sýnt með svínsandlit. Auglýsingarnar eiga að höfða á áhrifaríkan hátt til þeirra sem eru orðnir þreyttir á drykkjúlátum en einnig að vera þörf ábending til þeirra sem fyrir þeim standa. Þeim er ætlað að vekja umræðu og hvetja fólk til að velta fyrir sér ábyrgari neyslu áfengis og ekki síður hvernig það sjálft hegði sér undir áhrifum.

Forvarnarstarfið er í samræmi við skilgreiningu fyrirtækisins sem samfélagslega ábyrgt fyrirtæki sem leggur áherslu á að vinna í átt að jákvæðri vinnmenningu með því að stuðla að ábyrgri áfengisneyslu og umgengni við áfengi, öllum til ánægju.



Nýr bæklingur um Úrvalsvín

Nýr bæklingur um Úrvalsvín er nú kominn í Vínbúðir. Í bæklingnum er fjallað í stuttu máli um nokkur af helstu vinnræktarsvæðum heims og sagt frá þeim gæðavínum sem þaðan koma.

Úrvalsvín eru þau vín sem valin eru af vinn-sérfræðingum Vínbúðanna til að auka fjölbreytni í vöruvali, enda leggja Vínbúðirnar metnað sinn í að bjóða viðskiptavinum fjölbreytt gæðavín. Í flokk Úrvalsvína veljast m.a. léttvín sem kalla má sigild, þ.e. vín sem hafa í áruna rás getið sér gott orð fyrir framúrskarandi gæði. Þetta eru vín sem eru sérstaklega valin til að koma til móts við áhugasama og kröfuharðari viðskiptavini.

GRILLAÐ MEÐ VÍNRAÐGJAFANUM

Vínráðgjafinn Júlíus Steinarsson er alþekktur matgæðingur og endalaus uppspretta girnilegra hugmynda í víni og mat. Það lá því beint við að fá að heimsækja Júlía og kíkja á girnilega grillveislu sem hann býður upp á í sólinni.



SVÍNAKJÖT Á TEINI

600 til 800 grömm gott svínakjöt,
marinerað.

MARINERING

2 msk soyasósa
1 msk olía
1 tsk cummin
1 tsk koriander

Kjötið er skorið í frekar litla teninga, látið
liggja í 3-4 tíma og þrætt á tein ásamt
sveppum og kúrbít eða því grænmeti
sem þið helst kjósið.

Meðan grillað er þá er gott að pensla með:

3 msk sítrónusafi
2 msk soya
1/4 tsk cummin
1/4 tsk koriander

Borið fram með hnetusósu og hrísgrjónum,
Naanbrauði og avocado salat.

HNETUSÓSA

2 dl salthnetur fín saxaðar (matvinnsluvél)
1 saxaður laukur
1 msk olía
2 tsk karrý
2 marin hvítlauksrif
1 dós kókosmjólk
1/2 tsk chileduft
1 tsk engiferduft.
2 msk soyasósa
1 msk hlýnsíróp (sykur)

Laukurinn mýktur í olíunni á pönnu
ásamt hvítlauknum. Restinni bætt úti
og soðið vel saman. Hnetusósan fer vel
með flestum grillmat og er einnig góð
með fiski.



AVOCADOSALAT

2 avocado
1 mango (proskað)
safi úr 1/2 sítrónu
Ferskt koriander (eða steinselja), tæp
hnefayflli
1 tsk rifinn ferskur engifer (má líka vera
sultaður).
2 msk olía
1 rautt chili, smátt saxað
3-4 aprikósar, ferskar eða úr dós
1-2 hvítlauksgeirar, marðir eða saxaðir

Með þessu passar hvítvín vel og þá helst
Riesling eða góður Gewurztraminer frá
Alsace í Frakklandi. Ef menn vilja rauðvín þá
má fara í Nero d'Avola frá Sikiley eða góðan
Zinfandel frá Bandaríkjunum.



VERÐI YKKUR AÐ GÓÐU
og gleðilegt grillsumar!

Júlli vínráðgjafi

TÖFRABORGIN VERONA og nærsveitir

Borgin Verona á Ítalíu er vafalaust þekktust fyrir að þar gerist hin heimsþekhta saga af Rómeó og Júlíu, frægustu elskendum allra tíma. Borgin er einkar viðkunnaleg, sérstaklega þó elsti hluti hennar og þar er að sjálfsögðu hið fræga hringleikahús þar sem hinn virti tenór okkar Íslendinga, Kristján nokkur Jóhannsson, hefur verið að syngja í Aidu á sumrin.



Í þessum elsta hluta borgarinnar eru nokkur stór torg þar sem gaman er að setjast niður og virða fyrir sér mannlífið. Í borginni er að finna aragrúa af góðum veitingastöðum, göngugötu lagða marmara, með lokkandi búðarglugga frægustu tiskuhúsa heims.



Í borginni er auðvitað alla daga straumur fólks að húsinu þar sem svalirnar er Júlía stóð á, þegar Rómeó söng til hennar af götunni, er að finna.



Soave er gríðarlega fallegt svæði sem þekkt er fyrir framleiðslu á góðum hvítum vínunum. Þetta eru vín sem hafa verið framleidd í Veneto í árhundruði. Þessi vín einkennast af léttleika og ferskum ávexti.



Verona státar einnig af einum frægasta vínbar veraldar þar sem hægt er að kaupa mörg af dýrustu og bestu vínunum heims.

Verona er gríðarlega vel staðsett með tilliti til allra aðfanga í mat og víni. Borgin stendur á miðri Pó sléttunni þar sem fullyrða má að rækta megi allt sem hugurinn girnist. Veðurfarslega séð er þetta eitt af bestu ræktunarsvæðum veraldar. Í næsta nágrenni við Verona er að finna frábær vínræktarsvæði og eru þau helstu Valpolicella og Soave, en þau eru meðal virtustu víngerðarsvæða Ítalíu. Þessi svæði teljast síðan til enn stærra ræktunarsvæðis er gengur undir nafninu Veneto.



Síðast en ekki síst er að nefna frábær sætvin sem framleidd eru á svæðinu. Þetta eru vín sem kallast recioto, en það eru vín sem gerð eru úr mikið þroskuðum og þurrkuðum berjum. Til þess að ná upp sætunni í vínunum eru vínberin þurrkuð og við pressun á berjunum er einungis dísætur safi eftir. Þessi sæti safi er grunnurinn að þessum frægu desertvínunum Veneto. Vínin eru framleidd bæði hvít og rauð, en mun meira magn er framleitt af rauðum recioto vínunum. Þau rauðu kallast recioto della Valpolicella, en hvítvínin kallast recioto della Soave.

Án nokkurs vafa er Amarone frægast af vínunum sem framleidd eru í Valpolicella. Amarone er eitt af þyngstu og öflugustu rauðvínunum sem Ítalir framleiða. Þetta vín er sérstakt fyrir þær sakir að öll uppskera ársins er tind og sett á grindur til að þurrka berin eftir uppskeruna. Við þessa þurrkun gufar vatnið upp úr berjunum þau verða skorpin eins og rúsínur og eftir í þeim er aðeins bragðmikill og sætur safi. Þessi safi er síðan pressaður og látinn gerjast í hratinu í einhverjar vikur þar til gerið hefur breytt öllum sykri safans í alkóhól. Vegna þess að safinn er sætari en gengur og gerist í rauðvínunum þá verður áfengismagn Amarone vína alltaf meira en annarra rauðvína.



Stærstur hluti framleiðslunnar í héraðinu Valpolicella er samnefnt vín í mismunandi gæðaflokkum. Þetta eru yfirleitt ákaflega ávaxtarík og aðgengileg vín. Valpolicella er dæmigert hversdagsvín á meðan að Valpolicella Superiore og Ripasso vín héraðsins eru öflugri vín, tilvalin til notkunar við sérstök tækifæri.

HVERNIG Á AÐ SMAKKA VÍN?

Þegar smakka á vín verður að hafa ákveðna hluti í huga. Fyrst og fremst er að gæta þess að smakkarinn eða smakkararnir séu vel fyrir kallaðir. Það skiptir miklu að allir þátttakendur í smakki séu vel úthvíldir og hraustir. Ósofinn og þreyttur smakkari er ekki að finna það rétta í víninu og kvefpestir og annar lasleiki kallar á frestun á smakkinu.

Það skiptir einnig máli hvar smakka á vínið. Það er nauðsynlegt að hafa góða lýsingu eða birtu í því rými sem smakka á vín. Dagsbirtan er auðvitað best, en allavega skal þess gætt að góð lýsing sé til staðar þannig að útlit vínsins verði dæmt af fyllstu sanngirni. Það er samt ótrúlega oft sem haldnar eru vinsmakkanir í illa lýstum veitingastöðum eða í dimmum barskotum. Það gefur auga leið að við slíkar aðstæður er ekki hægt að dæma útlit drykkja. Auk góðrar lýsingar þarf að vera góð loftræsting í rýminu og það algerlega laust við allan dauð eða slæma lykt. Einnig skulu allir smakkarar gæta þess að bera ekki á sig sterk ilmvötn eða rakspira rétt fyrir smakkið. Slík lykt getur spilað verulega inn í það hvernig smakkarar skynja ilm vínsins.

Hitastig vína skiptir vissulega máli þegar smakkað er. Gæta skal þess að vín séu á réttu hitastigi, en með því er átt við að það er þekkt staðreynd að of kalt léttvín skilar ekki frá sér þeim ilmi og bragði sem það gerir sé það smakkað við stofuhita. Almenna reglan er því sú að drekka rauð vín á hitastigi sem er svokallaður stofuhiti, en þá er átt við að hitastig vínsins sé á milli 15° til 20°. Hvað hvítu vínin varðar er best að hafa þau svöl en ekki ísköld, en þá erum við að tala um hitastig á bilinu 8° til 12°.

Glösin sem notuð eru við smakkið skipta miklu máli. Í fyrsta lagi verða þau að vera algerlega gegnsæ, án allra skreytinga eða litar í glerinu því aðeins þannig sjáum við almennilega hvernig vínið lítur út. Við leitum eftir því að sjá greinilega hvort að nokkurt grugg eða botnfall sé í víninu og það algerlega tært eða á engan hátt skýjað. Nútíma tækni í víngerð gerir það kleift að hreinsa vínið algerlega og gera það kristaltært. Til er sérstakt smökkunarglas sem er með svokallaðan ISO staðal sem smökkunarglas, en það er auðvitað besta glasið til þess að smakka vín. Sé það hins vegar ekki til staðar þarf að velja glös sem sveigja inn að opinu, því þannig glös safna ilmi vínsins upp að opinu og gera okkur kleift að finna allt sem í ilminum er að finna, bæði slæmt og gott.

Ilmur vínsins er ekki síður mikilvægur en bragðið þegar kemur að skynjun okkar á gæðum þess. Það eru reyndar til þeir atvinnumenn í vinsmakki sem telja að ilmurinn gefi meira til kynna um gæði víns en bragð þess. En við ætlum ekki að dæma um það hér hvort það er rangt eða rétt. Gefið ykkur bara nægan tíma til þess að lykta af víninu og passið að taka smá pásur inn á milli þess sem að þið fyllið nefið af margslungnum lyktartegundum sem geta verið í borðvíni.

Svo er að smakka á víninu, en þá er það algert grundvallaratriði að sopinn sé nægjanlega stór til þess að vínið berist um allan munn. Það er tungan og bragðkirtlar í henni sem skynja það sem er

að gerast í bragði víns, en bragðkirtlarnir eru staðsettir um alla tunguna. Fremst á tungubroddinum skynjum við sætu, á hliðum tungunnar og inni á miðju hennar skynjum við krydd og biturleika vínsins og síðan er það alveg aftast á tungunni á báðum hliðum hennar sem við skynjum síru í víninu. Það er því algert grundvallaratriði að vínið komist í snertingu við alla þessa fleti á tungunni. Einnig er snjallt að draga örlítið loft inn í munninn á meðan vínið er þar, en það orsakar að loftstraumurinn dregur einkenni úr víninu aftast í munnholið og að nefopinu þar, en það eykur mjög á alla skynjun okkar á víninu. Það er því ekki óalgengt þegar margir smakkarar koma saman að allir séu sötrandi með þeim hljóðum sem því fylgja, en þetta gera smakkarar til þess að auka skynjunina á víninu.

Svo er auðvitað nauðsynlegt að vera með ílát í smökkunarherberginu sem smakkararnir geta spýtt víninu í. Allir alvöru smakkarar spýta víninu eftir að hafa velt því í munni sér um stund. Þetta er algerlega nauðsynlegt ef að smakka á margar tegundir, því ef víninu er kyngt þá fara áhrif áfengisins að segja til sín og þetta verður allt saman alveg óskaplega gott og enn betra eftir því sem lengra líður á smökkunina. Það er miklu skemmtilegra




að smakka vínin svona til að byrja með og klára svo bara úr flöskunum eftir.

Að síðustu er rétt að benda á að best er að smakka fleiri en eitt vín í senn til að hafa einhvern samanburð. Ef aðeins eitt vín er smakkað í einu þá eru allar líkur á að það þyki bara nokkuð gott, en það er kannski bara vegna þess að það fær engan samanburð. Lágmarkið er sem sagt að smakka tvö vín þar sem þá er samanburðurinn til staðar. Skemmtilegast er að smakka nokkur vín í einu og fá við það meiri samanburð. Þetta er auðvitað hægt að gera með því að húa saman góðum vinahópi og láta hvern og einn koma með sitt vín í smakkið eða þá að sá sem stendur fyrir smakkinu kaupi nokkur vín og vinahópurinn skipti á sig kostnaðinum.

Góða skemmtun!

Gissur Kristinsson
vínráðgjafi





SÓLPALLAVÍN

Nú er ætlunin að útskýra í stuttu máli hvað átt er við þegar vín eru flokkuð sem svokölluð sólpallavín í vörulista Vínbúðanna. Þetta eru að sjálfsögðu ekki vín sem framleidd eru úr þrúgum sem ræktuð eru á, eða í næsta nágrenni við sólpalla, heldur eru þetta vín sem eru tilvalin til að dreypa á þegar vel viðrar til útivistar á sólpöllum þessa lands.

Í Vínblaði Vínbúðanna er að finna skilgreiningu á sólpallavíni en hún er eftirfarandi: Hentug til drykkjar ein og sér án nokkurs matar. Oftast létt og fersk vín, ýmist sæt eða þurr. Ferskir hvítir drykkir frá Þýskalandi eru ofarlega á blaði, fersk freyðivín bæði sæt og þurr, roðavín frá USA og léttari fersk rósavín koma helst til greina.

En hvað er það sem við erum að gera á sólpallinum þegar vel viðrar? Það er

væntanlega aðallega tvennt; að flatmaga í sólbaði eða þá að verið er að grilla og matast úti undir beru lofti, þá fáu daga sem íslensk veðráttu leyfir slíkt. Á slíkum stundum er sólpallavínið tilvalið og þá aðallega til þess að drekka eitt og sér, til að svara þorstanum eða sem fordrykkur fyrir matinn.

Líkt og segir í skilgreiningunni í Vínblaðinu þá geta þetta verið bæði sæt og þurr vín, allt eftir smekk eða tilefni hverju sinni. Þýsk Riesling vín koma auðvitað strax upp í hugann, þessi frábæru fersku og örlítið sætu vín. Lambrusco er líka tilvalið í sólpallaflokkinn. Valpolicella og Soave frá Ítalíu henta vel á sólpallinn, ásamt fleiri vínunum þaðan eins og Moscato d'Asti og Asti Spumante. Ekki má gleyma rósavínunum sem eru borin fram kæld

og frískandi eins og frá Frakklandi, Spáni, Ítalíu, Chile, Argentínu og síðast en ekki síst frá Kaliforníu. Að síðustu er rétt að geta þess að þurrt sérri eða svokallað Fino er algerlega frábær þorstaslökkvari í steikjandi sól og hita.

Eins og áður sagði er það tilefnið, ásamt stað og stund, sem ræður því hvað okkur finnst best henta hverju sinni. Aðalatriðið er að hafa það í huga að á sólpallinn erum við að leita eftir drykkjum sem eru kældir og frískandi.

Gissur Kristinsson
vínráðgjafi

ÁFENGI Í MAT

Borðvín, freyðivín, styrkt og brennd vín eru iðulega notuð í matargerð og þá helst í súpur, sósur og maríneringar. En það er einnig hægt að gera ýmislegt annað skemmtileg með áfengi í mat og á fjörur okkar bárust tvær skemmtilegar uppskriftir sem reyna má í sumarselskapnum.



Rækjukokteill

með kiwi, rommi og avocado

Fyrir fjóra

24 risarækjur, soðnar

4 kiwi í smábitum, sköfnum með skeið úr hýðinu

1 avocado, afhýtt og steinlaust

1 tsk ferskt lime

3 cl ljóst romm

1/2 gul papríka söxuð í smábíta

1 lítill laukur saxaður

tsk fersk koriander lauf

1 stór hvítlauksgeiri

1 tsk sykur

1/2 tsk salt

1/2 tsk mulinn svartur pipar

Maukið 2/3 af kiwiávestinum ásamt avocado, limesafa og rommi í blandara og setjið í skál.

Blandið paprikunni, kiwibitum, lauk, koriander, hvítlauk, sykri, salti og pipar saman við. Deilið í 4 Martiniglös og raðið rækjunum í hring við glasbarminn.



Grillaður ananas

Fyrir 8

1 ananas skorinn í 8 báta og kjarninn skorinn frá.

1 dl dökkt romm

1 dl hunang

1 dl worchestersósa

1 dl smjör

1 dl ljós púðursykur

2 tsk chilisósa

Vanilluís

Setjið allt nema ísinn í pott. Hitið upp að suðu, hrærið vel í á meðan og látið sjóða yfir lágum hita í 12 mínútur, eða þar til sósan hefur þykknað svolítið. Takið þá sósa af hitanum og kælið.

Penslið ananasinn með smá sósu og grillið yfir háum hita á olíuborinni grind í 5 mínútur. Snúið og penslið reglulega á meðan, þar til ananasinn hefur fengið á sig fallegann gljáa.

Ráð: Það er hægt að nota aðra ávexti eins og til dæmis ferskjur skornar í tvennt eða þykkar sneiðar af mangó.

Páll Sigurðsson
vínráðgjafi

SUMAR- KOKTEILAR

Þó við búum ekki á sólríkasta landi í heimi, er óþarfi að láta sólarleysi og rigningu eyðileggja sumarskapið.

Er ekki tilvalið að hressa upp á mannskapinn með því að hrista nokkra sumarlega kokteila?

Hér eru girnilegir kokteilar fyrir garðveisluna eða bara inni, því þeir koma sannarlega innmeð sumarið.

Suma drykki þarf að undirbúa vel fyrirfram til að losna við óþarfa fyrirhöfn á síðustu stundu. T.d. búa til síróp, frysta glös, skera niður ávexti, búa til safu svo eitthvað sé nefnt.



Vatnsmelónu Margarita

- 1 tsk Limebörkur
- 1 dl vatn
- 1 dl sykur
- 2 dl Vatnsmelónumauk (*sjá aðferð)
- 2 cl ferskur limesafi
- 6 cl ljóst tequila
- 2 cl triple sec eða annar appelsínulíkjör
- 1 bolli klaki

Búið til limesíróp, það má gera fyrir fram. Geymist þá í lokuðu íláti í kæli. Setjið fint saxaðan limebörk (aðeins græna hlutann), sykur og vatn í pott og sjóðið þar til sykurinn leysist upp. Hrærið í á meðan. Takið af hitanum, kælið að stofuhita og sigtið limebörkinn frá.

***Melónumauk:** Skerið vatnsmelónu í stóra bita og fjarlægið steinana, setjið í rafmagnsblandara eða matvinnsluvél og gerið fínlegt mauk.

Setjið Margaritaglas í frysti í 30 mín. Setjið matarsalt á lítinn disk, vætið glasbarminn með limesneið og dýfið glasinu svo í saltið.

Setjið í rafmagnsblandara 2 msk limesíróp, vatnsmelónumauk, limesafa, tequila, líkjör og klaka og blandið þar til drykkurinn er orðinn mjúkur og froðukenndur. Sigtið í Margarítuglasið og skreytið með limesneið.

SVONA SKREYTIM VIÐ

Til að setja sykkurrönd á kokteylglas er sítrónusneið sett á disk og smá sykurrúga við hliðina.

Vætið glasbarminn með því að þrýsta glasinu varlega í sítrónusneiðina og setjið svo barminn í sykurrinn.

Til að búa til spirál úr sítrónu er fyrst skorin sneið og síðan er börkurinn skorinn frá, þannig að úr verður ræma, henni er svo vafið utan um þrjón eða drykkjarstrá, einföld en skemmtileg skreyting.

Páll Sigurðsson
vínráðgjafi



La Bomba

- 2 tsk sykur
- 2 limebátar
- 3 cl Tequila Gold
- 3 cl Cointreau eða annar Triple Sec líkjör
- 5 cl ananassafi
- 5 cl appelsínusafi
- 2 skvettur Grenadine

Aðferð: Stráið sykri á disk, skerið síðan limesneið í tvennt langsum og gerið báta úr öðrum helmingnum. Snúið kokteylglasi á hvolf og vætið glasbarminn með öðrum limebátinum, setjið síðan glasbarminn í sykurrinn og þekjið hann vel með sykrunum.



Setjið síðan klaka í kokteylhristara og hellið þar í Tequila, Cointreau, ananas- og appelsínusafanum, lokið hristaranum og hristið vel. Hellið í kokteylglasið, skreytið með limebát. Bætið síðan Grenadine varlega út í.



Moonraker

- 4 cl tequila
- 12 cl ananassafi
- 2 cl Blue Curacao

Setjið klaka í Higball glas, hellið tequila útfi og fyllið upp með ananassafa, hrærið vel saman. Bætið svo Blue Curacao varlega út í drykkinn. Skreytið með ananas.



HVAÐ SKAL DREKKA MEÐ GRILLMAT?

Það er vissulega ekkert flóknara að velja vín með grillmat en öðrum mat. Í sjálfu sér getur hvaða vín sem er hentað með flestum mat svo framarlega sem neytandinn er sáttur við vínið. Þannig að enn og aftur segi ég, drekktu það sem þér finnst best með þeim mat sem þú kýst. Eflaust finnst mörgum ykkar þetta frekar þunn staðhæfing og viljið fá nákvæmari útlistingar á hvaða vín passa best með grilluðum mat.

Við skulum líta á nokkur atriði sem gott er að hafa í huga. Þó matur sé eldaður á grilli er útkoman ekki alltaf sú sama, það er að segja brennt grillbragð. Smærri kjötstykki fá á sig brennt bragð á meðan stærri stykki eins og heil lambalæri verða líkari ofnsteiktu. Oft er fiskur eldaður í álpappír á grillinu og fer þá minna fyrir grillbragði en ef hann er grillaður yfir kolum.

Áður en vín með grillmatnum er valið er gott að hafa hráefnið í huga og eins það meðlæti sem bera á fram með matnum, en sósar, grænmeti og jafnvel ávextir geta haft meiri áhrif á vínvalið en hráefnið sjálft. Til að skapa jafnvægi milli vins og matar þarf að taka tillit til sýrunnar í víninu, sætu (þ.e. hversu þurrt eða sætt vínið er) og þyngdar eða krafts vinsins. Innihaldi maturinn eða meðlætið mikla sætu eins og oft gerist með barbeque marineringsar, þá ætti að velja vín sem hefur til að bera nokkra sætu eða að minnsta kosti mjúkan sætkenndan ávöxt. Með því má fá jafnvægi með vini og mat.

Innihaldi rétturinn eða meðlætið hinsvegar eitthvað súrt er betra að mæta sýrunni með fersku vini með nokkra sýru. Sýran í matnum dregur úr sýrunni í víninu og það virkar um leið mýkra og ávaxtaríkara.

Það er óþarfi að hafa flókin vín með grillmatnum, frekar ætti að velja einföld en nokkuð bragðmikil vín. Gott er að þau hafi mjúkan ávöxt.



NAUTAKJÖT

Nautaprime eða fillet er vinsælt á grillið og fer vel á með slíkum steikum að hafa bragðmikil rauðvín eins og Cabernet Sauvignon frá Bandaríkjunum, Chile og Ástralíu. Shiraz frá Ástralíu og Malbec frá Argentínu eða Chianti Classico frá Ítalíu eru einnig gott val.



LAMBAKJÖT

Það er sama hvernig lambakjöt er eldað það bregst alltaf vel við vini og þar er grillað lamb engin undantekning. Hafi kjötið legið í sætum kryddlegi þarf að huga að sætunni í víninu og velja vín með mjúkan ávöxt, Cabernet Sauvignon frá Ástralíu, Bandaríkjunum og Chile, eða Merlot frá sömu svæðum. Annars er pottþétt að velja rautt Bordeaux eða Rioja með lambinu og einnig vín frá suður Frakklandi.



SVÍNAKJÖT

Með grilluðu svínakjöti geta hvítvín og rósavín hentað jafnvel og rauðvín. Með kryddlegu og ekki síst barbeque-marineruðu svínakjöti henta hvítvín og rósavín einstaklega vel. Má nefna hvítvín frá Alsace í Frakklandi og Riesling frá Þýskalandi sem hafa nokkra sætu sem ræður vel við sæta kryddlegi og einnig sterk krydd. Rósavínið koma svo með sumarlegan blæinn í máltíðina og stendur þá valið um hvort það á að vera þurrt eða hálfsett eftir því hvort einhverja sætu er að finna í réttinum. Af rauðvíni má svo benda á Cotes-du-Rhone frá Frakklandi, Rioja frá Spáni, Merlot frá Bandaríkjunum og Chile.



KJÚKLINGUR

Það er eins með kjúkling og svínakjöt það er hægt að velja hvort heldur hvít-, rósaeða rauðvín.

Til dæmis eru eikuð Chardonnay frá Ástralíu, Bandaríkjunum og Chile frábær með grilluðum kjúkling. Hvítt Búrgundarvín er einnig finnst kostur. Pinot Gris frá Alsace, Fumé Blanc og Viogner frá Bandaríkjunum eru einnig góð með ljósu kjöti. Af rauðvínunum má nefna Valpolicella og Primitivo frá Ítalíu, vín frá Languedoc og Cotes-du-Rhone frá Frakklandi og létt Crianza rauðvín frá Spáni.



FISKUR

Fiskur er finlegri og léttari en kjöt og þarf að taka mið af því, ásamt eldunaraðferðinni, þegar velja á vínið. Fiskur sem er eldaður í álpappír á grillinu hefur finlegra bragð en ef hann er grillaður á grind yfir gasi eða kolum, en þá fær hann brennt bragð sem kallar á eikað hvítvín eins og Chardonnay frá Bandaríkjunum, Ástralíu, Chile og jafnvel Argentínu. Sauvignon Blanc og þurrt Riesling henta vel með fiski elduðum með grænmeti í álbakka. Hvítvín frá Ítalíu henta einnig sem og hvítvín frá Frakklandi, bæði Bordeaux og Búrgund. Með grilluðum laxi er svo hægt að velja rauðvín úr Pinot Noir, ef áhugi er fyrir rauðvíni.



ÁVEXTIR

Grillaðir ávextir eru frábærir til að enda góða grillmáltíð. Við það að grillast kemur sætan meira fram í ávöxtunum. Svo er ágætt að bera fram rjómaís með.

Tilvalið með grilluðum ávöxtum er svo Asti freyðivín og lágfreyðandi Moscato d'Asti, sumarleg vín sem hreinlega sprikla af sumargleði og gæla við tunguna með kolsýrubólum og sætum Moscatokeim.

Páll Sigurðsson
vínráðgjafi



JÚNÍ



Grillveisla

Girnilegar uppskriftir og vínin sem passa




 VÍNBUÐIN

Nú er grillveisla í Vínbúðunum.
Fáðu girnilegar uppskriftir og
kynntu þér vínin sem passa með.

Árgangatafla ÁTVR 2006

Evrópa	2006	2005	2004	2003	2002	2001	2000	1999	1998	1997	1996	1995	1994
 Frakkland													
Bordeaux-Medoc	3-4	5	3-4	5	4	2-3	5	4	3-4	2-4	3-5	3-5	2-4
St-Emilion/Pomerol	4	4-5	4	4	2-3	3	4	4	3-5	2-3	3-4	4-5	3-4
Sauternes	4-5	4	3-4	4	3-4	4-5	4	5	3-4	3-4	5	4	2
Bourgogne-Cote d'Or	3-4	4-5	3-4	4-5	4	3	3-4	4-5	3-4	4	4-5	4-5	2-3
Cote de Beaune hvítt	4-5	4-5	2-3	4-5	4	4	4-5	3-4	4	4-5	5	4-5	3-4
Chablis	4	4-5	3-4	4-5	5	3	3-4	3-4	2-3	4	5	4-5	2
Alsace	3-4	4	4	4-5	3	3-4	5	2-3	3-4	5	4	4	2-4
Rhone-Norður	4-5	4	4	3	2	5	4	5	4	3-4	3-4	4-5	3
Chateauneuf du Pape	4	4-5	4	3	1	4	2-3	4	5	3	2-3	4	3
Languedoc-Roussillon	3-4	4	4	3	2	4-5	3	2	4-5	2-3	1	4	
 Ítalía													
Piemonte	4-5	2-3	4	4	1	3-4	4	3-4	4-5	4	5	2-3	1
Toscana	4-5	3-4	5	4	1-2	3-5	3-4	5	2-4	5	2	3-4	2-3
 Þýskaland													
Mosel	5	4-5	4	4-5	4	5	2-3	3-5	3-4	4-5	2-4	5	4
Rín	4-5	4-5	4	4-5	3	4	1-3	2-4	4-5	3-4	5	2-3	3
 Spánn													
Rioja	4-5	4	3-4	3-4	1-3	4-5	3	2	4	1-2	4	5	5
Ribera del Duero	4-5	4-5	4-5	4	2	5	3-5	4	3	1	5	5	4
Katalónía	3-4	4-5	4-5	4-5	3	4	4	4	4-5	3-4	4	4	4
 Portúgal													
	3-4	4	4	5	1-2	3-4	4	1-2	2-4	4	2-3		
Ameríka													
 Kalifornía – rautt	4-5	3-4	3-4	4-5	4	5	2-4	3-5	2-3	4-5	3-4	4-5	5
Kalifornía – Chardonnay	4-5	3-4	3-4	4-5	4	3	3	4	2-3	5	5	5	4-5
 Chile													
	4-5	4	3	5	3	5	1-3	4-5	1-3	4-5	3-4	4-5	
 Argentína													
	4-5	4	5	4	5	3-4	2-3	2-4	1-3	2-3	3	5	
 Suður-Afrika													
	4-5	3-4	4	4-5	3	4-5	2-4	2-4	3-4	4-5	1-2	3-4	
 Ástralía													
New South Wales	4-5	4	3-4	4	2-4	1-3	2-3	2-4	3-5	4-5	4	1-3	3-4
Victoria	4-5	4-5	4	4	4-5	3	1-4	1-5	5	4-5	2-4	2-3	3-5
South-Australia	4-5	4-5	4-5	5	4-5	3-4	2-3	1-3	5	2-4	4-5	2-4	4
West-Australia	3-4	4	4-5	4	3	3-4	2-5	3-5	2-4	3-4	3-4	3-5	4-5
 Nýja-Sjáland													
	4-5	4-5	4	5	3-4	2	3-4	2-4	2-4	1-3	2-4	3-5	



Vöruskrá

gildir í júní 2008

RAUÐVÍN

Tegundir sem eru merktar **R** á undan vörunúmeri, eru í reynslusölu og fást aðeins í Vinbúðinni Heiðrúnu og Kringlunni. Vörur sem merktar eru **Ú** á undan vörunúmeri, eru Úrválsvín og fást víða í Vinbúðum. Verð eru leiðbeinandi og gilda í júní. Birt með fyrirvara um prentvillur.



Argentína

Argentína er eitt mesta vínframleiðsluland heims. Útflutningur hefur verið að aukast undanfarin ár og er mestur í vínun gerðum úr rauðu þrúgunum Malbec og Cabernet Sauvignon.



Cabernet Sauvignon

Argentínumenn rækta gríðarlegt magn af þessari þrúgutegund. Garðarnir eru gjarnan í mikilli hæð yfir sjávarmáli sem tryggir ferskara sýrustig vínanna. Þetta eru gjarnan evrópskari vín en mörg önnur vín Nýja-Heimsins.

05093	Alamos Cabernet Sauvignon	750 ml	13,5%	1393 kr.
🍷🍷🍷	2006 Dökkirsuberjarautt. Meðalfylling, þurrt, ferskt, þroskuð tannín. Sólber, vanilla, eik og krydd.			
R 12431	Antis Cabernet Sauvignon	750 ml	13,6%	1467 kr.
🍷🍷🍷	2004 Múrsteinsrautt. Lítt meðalfylling, þurrt, ferskt, miðlungs tannín. Þroskuð rauð ber, jörð, lyng, reyktir tónar.			
R 12059	Catena Alta Cabernet Sauvignon	750 ml	14%	3293 kr.
🍷🍷🍷	2003 Dimmkirsuberjarautt. Þétt fylling, þurrt, ferskt, mjúk tannín. Þroskaður dökkur ávöxtur, kryddaðir sveita og skógartónar			
R 12181	Finca el Origen Cabernet Sauvignon	750 ml	14%	1590 kr.
🍷🍷🍷	2006 Dökkubínrautt. Þétt meðalfylling, þurrt, súrrikt, mikil tannín. Dökk ber, tóbak, vanilla. Ungt.			
R 12183	Finca el Origen Cabernet Sauvignon Reserva	750 ml	14,5%	1990 kr.
🍷🍷🍷	2006 Dökkirsuberjarautt. Þétt, þurrt, ferskt, þurrkandi tannín. Sólbakaður berjablámi, jörð, lyng, vanilla, eik.			
10930	Funky Llama Cabernet Sauvignon	187 ml	13%	340 kr.
🍷🍷🍷	2005 Kirsuberjarautt. Lítt meðalfylling, þurrt og ferskt með lítíl tannín. Lyng, skógarber.			
10726	Funky Llama Cabernet Sauvignon	750 ml	13%	995 kr.
🍷🍷🍷	2005 Kirsuberjarautt. Meðalfylling, þurrt og milt. Þroskuð tannín og sætkenndur ávöxtur.			
R 12278	Las Moras Cabernet Sauvignon	750 ml	13%	1190 kr.
🍷🍷🍷	2007 Dökkubínrautt. Meðalfylling, höfugt, þurrt, sýrumikið, lítíl tannín. Ungt, dökk ber, hýði.			
R 09066	Luigi Bosca Cabernet Sauvignon Reserva	750 ml	14%	1926 kr.
🍷🍷🍷	2004 Kirsuberjarautt. Þétt meðalfylling, þurrt, ferskt, þroskuð tannín. Rauður berjamassi, ristud eik, jörð, barkarkrydd.			
09454	Norton Cabernet Sauvignon	750 ml	13,5%	1154 kr.
🍷🍷🍷	2005 Kirsuberjarautt. Meðalfylling. Þurrt og ferskt með lítíl tannín berjabláma og hratkannda tóna.			
09461	Norton Cabernet Sauvignon Reserve	750 ml	14%	1494 kr.
🍷🍷🍷	2003 Dökkirsuberjarautt. Meðalfylling, þurrt, ferskt, þroskuð tannín. Sætur dökkur ávöxtur, sólber, krydd, lyng, eik.			
10731	Tango Sur Cabernet Sauvignon	750 ml	13%	1095 kr.
🍷🍷🍷	2005 Kirsuberjarautt. Meðalfylling, þurrt og ferskt. Þroskuð tannín, súr og rauður berjakeimur.			
10677	Trivento Cabernet Sauvignon Reserve	750 ml	13,5%	1192 kr.
🍷🍷🍷	2005 Rúbínrautt. Þétt meðalfylling, þurrt, ferskt með þroskuð tannín. Eik, dökk og rauð ber. Löng ending.			



Malbec

Sérstaða argentínskra vínframleiðenda, í harðri samkeppni á heimsmarkaði, hefur verið fölginn í vínun úr þessari þrúgutegund. Vínin eru yfirleitt kjarnmikil og góð matarvín.

S 10952	Achaval Ferrer Finca Altamira	750 ml	13%	7763 kr.
🍷🍷🍷	2003 Dimmfjölublátt. Meðalfylling, þurrt og súrrikt með þroskuð tannín, finlegan og kröftugan ávaxta og eikarkeim. Þarf tíma			
R 11237	Achaval Ferrer Malbec	750 ml	13,5%	2593 kr.
🍷🍷🍷	2006 Dimmrúbínrautt. Þétt fylling, þurrt, ferskt, mikil þroskuð tannín. Blár berjamassi, tóbak, jörð, kjötkennt.			
05095	Alamos Malbec	750 ml	13,5%	1393 kr.
🍷🍷🍷	2006 Dökkubínrautt. Meðalfylling, þurrt, ferskt, þroskuð tannín. Þéttur rauður ávöxtur, lyng.			
R 05507	Alta Vista Grande Reserve Malbec	750 ml	14,5%	2511 kr.
🍷🍷🍷	2005 Dimmrúbínrautt. Þétt fylling, höfugt, þurrt, ferskt, mikil tannín. Ávaxtaríkt, eik. Góð ending, höfugt eftirbragð.			
R 05926	Alta Vista Premium Malbec	750 ml	14,5%	1941 kr.
🍷🍷🍷	2005 Dökkubínrautt. Þétt fylling, höfugt, þurrt og súrrikt með þroskuð tannín. Dökk ber, létt eik. Höfugt rammt eftirbragð.			
R 12057	Argento Malbec Reserva	750 ml	13,5%	1391 kr.
🍷🍷🍷	2006 Dökkubínrautt. Mjúk meðalfylling, þurrt, höfugt, ferskt, þroskað með þéttan berjabláma og keim af heiðarjurtum.			
R 12085	Catena Alta Malbec	750 ml	14%	3694 kr.
🍷🍷🍷	2004 Dimmfjölurautt. Þétt fylling, þurrt, ferskt, þroskuð tannín. Þéttur ávöxtur, eik, krydd. Ungt, margslungið.			
R 05087	Catena Malbec	750 ml	13,5%	1994 kr.
🍷🍷🍷	2004 Rúbínrautt. Meðalfylling, þurrt og ferskt með þroskuð tannín, þéttan berjabláma, krydd og jarðartóna.			
S 11005	Dona Paula Seleccion de Bodega Malbec	750 ml	14%	3049 kr.
🍷🍷🍷	2002 Dökkubínrautt. Mikil fylling, þurrt, súrrikt, þroskuð tannín. Dökk ber, jörð, olía, vanilla, eik. Langt, höfugt.			
R 12182	Finca el Origen Malbec	750 ml	14%	1590 kr.
🍷🍷🍷	2006 Dökkfjölurautt. Lítt meðalfylling, þurrt, ferskt, þurrkandi tannín. Berjaríkt.			
R 12184	Finca el Origen Malbec Reserva	750 ml	14,5%	1990 kr.
🍷🍷🍷	2006 Rúbínrautt. Meðalfylling, þurrt, ferskt, þroskuð tannín. Skógarber, krydd, jörð, eik, vanilla.			
10727	Funky Llama Malbec	750 ml	13%	995 kr.
🍷🍷🍷	2005 Rúbínrautt. Lítt meðalfylling, þurrt og milt, þroskuð tannín með hratkanndan rauðan berjaávöxt.			
R 12280	Intis Malbec	750 ml	13%	1090 kr.
🍷🍷🍷	2007 Ljósúbínrautt. Lítt fylling, þurrt, ferskt, lítíl tannín. Hýði, rauð ber.			
09486	Norton Malbec	750 ml	13,5%	1094 kr.
🍷🍷🍷	2005 Kirsuberjarautt. Meðalfylling, þurrt, ferskt, þroskuð tannín. Dökkir skógarberjatónar.			
09497	Norton Malbec Reserve	750 ml	14%	1394 kr.
🍷🍷🍷	2003 Dökkubínrautt. Þétt fylling, þurrt og milt þroskuð tannín. Sætkryddaður berjarauði.			

R	12554	Santa Rosa Malbec	750 ml	13,5%	1548 kr.
		2007 Fjólurautt. Létt meðalfylling, sætuvottur, mild súra, lítil tannín. Rauð ber, kirsuberjatónn.			
	10733	Tango Sur Malbec	750 ml	13%	1095 kr.
		2004 Kirsuberjarautt. Létt meðalfylling, þurrt, ferskt, þurrk-andi tannín. Dökk ber, lyng og jörð.			
R	12561	Trivento Amado Sur Malbec	750 ml	14%	1393 kr.
		2006 Rúbínrautt. Létt meðalfylling, þurrt, ferskt, þroskuð tannín. Dökk ber, krydd, jörð.			
R	11159	Trivento Dulce Natural Malbec	750 ml	10,5%	893 kr.
		Ljós Rúbínrautt. Létt fylling, sætt, ferskt, lítil tannín. Sætur rauður ávöxtur, jarðarber.			
		 Merlot			
		<i>Þessi franska þrúgutegund er orðin nokkuð algeng í Argentínu. Merlot þrúgan skilar yfirleitt af sér eilítið léttari og ávaxtaríkari vínunum en t.d. Cabernet Sauvignon.</i>			
R	10477	Black River Merlot	750 ml	13,5%	1390 kr.
		2005 Rúbínrautt. Létt fylling, þurrt og ferskt með þurrkandi tannín, jarðkennda papríku og berjatóna.			
R	12562	Trivento Tribu Pinot Noir	750 ml	13,5%	1092 kr.
		2007 Rúbínrautt. Létt meðalfylling, þurrt, ferskt, þroskuð tannín. Jarðarber, rauð ber, fjólur, krydd.			
		 Syrah			
		<i>Hér er á ferðinni þrúgutegund sem upprunalega kemur frá Rónardal í austur hluta Frakklands. Einkenni þessarar þrúgutegundar er oftast góð blanda af sætum ávexti og kryddum eins og t.d. pipar.</i>			
	10725	Funky Llama Shiraz	750 ml	13%	995 kr.
		2005 Rúbínrautt. Meðalfylling, þurrt og ferskt, þroskuð tannín með sætkenndan berjabláma.			
R	12114	Norton Syrah Reserva	750 ml	14%	1394 kr.
		2004 Rúbínrautt. Meðalfylling, þurrt, ferskt, þroskuð tannín. Dökkur berjakjarni, kaffi, krydd og eik.			
	10732	Tango Sur Shiraz	750 ml	13%	1095 kr.
		2005 Kirsuberjarautt. Meðal fylling, þurrt og ferskt. Þroskuð tannín, sælgætiskennndur berjablámai og kryddtónar.			
R	07036	Trivento Syrah	750 ml	14%	993 kr.
		2004 Dökk Rúbínrautt. Þétt meðalfylling, þurrt og ferskt með lítil þroskuð tannín, sætan ávaxtaríkan berjabláma og jurta-krydd.			
		 Aðrar þrúgur og blöndur			
		<i>Hér er allrar athygli vert að þrúgunni Tempranillo er hér blandað við bæði Cabernet Sauvignon og Malbec.</i>			
	10777	Amalaya de Colome	750 ml	14,5%	1290 kr.
		2005 Dimmrúbínrautt. Mikil fylling, sætuvottur, ferskt, mikil tannín. Plóma, hindber, jurta-krydd, kröftugt bragð.			
R	09072	Finca La Linda Tempranillo	750 ml	13,5%	1333 kr.
		2006 Rúbínrautt. Meðalfylling, þurrt, ferskt, mjúk tannín. Skógarber, plómur, vanilla.			
R	12483	Luigi Bosca Gala 2	750 ml	14,5%	2593 kr.
		2004 Dökkkirsuberjarautt. Þétt meðalfylling, þurrt, ferskt, höfugt, þroskuð tannín. Þéttur berjarauði, eik, vanilla, lyng.			
R	12555	Santa Rosa Tempranillo-Bonarda	750 ml	13%	1345 kr.
		2007 Dökk Rúbínrautt. Meðalfylling, þurrt, ferskt, þroskuð tannín. Berjablámi, krydd, jörð.			
	08362	Trivento Cabernet-Merlot	750 ml	13%	993 kr.
		2006 Kirsuberjarautt. Létt meðalfylling, þurrt, ferskt, lítil tannín. Léttur ávöxtur, jörð, sveppir.			
	07033	Trivento Reserve Cabernet Malbec	750 ml	13,5%	1192 kr.
		2005 Dökk Rúbínrautt. Þétt meðalfylling, þurrt, ferskt, þroskuð tannín. Dökk ber, ávaxtasæta.			
R	12237	Trivento Shiraz - Malbec	187 ml	13%	290 kr.
		2006 Kirsuberjarautt. Meðalfylling, þurrt með sætuvatni, milt, lítil tannín. Jarðarber, bláber.			



Austurríki

Austurríkismenn hafa notið mikillar virðingar fyrir hvítvinsframleiðslu sína, en staðreyndin er að þeir gera engu síðri rauðvín.

	10242	Kollwentz Blaufrankisch vom Leithagebirge	750 ml	13,5%	2390 kr.
		2003 Dökkkirsuberjarautt. Meðalfylling, þurrt, ferskt, þroskuð tannín. Dökk ber, barkarkrydd, létt eik.			
S	10244	Kollwentz Steinzeiler	750 ml	14%	5190 kr.
		2003 Dökk Rúbínrautt. Þétt fylling, þurrt, súruríkt, þroskuð tannín. Þéttur rauður ávöxtur, hindber, rífsber, eik. Löng ending.			
S	12308	Pfaffl Pinot Noir	750 ml	14,5%	3393 kr.
		2004 Kirsuberjarautt. Meðalfylling, þurrt, ferskt, lítil tannín. Hindber, létt eik, vanilla, ristun. Löng ending.			



Ástralía

Áströlsk vín eru oft mjúk og ávaxtarík. Helstu þrúgurnar eru Shiraz og Cabernet Sauvignon. Sökum stærðar landsins eru ræktunarskiðyrði mjög mismunandi og borðvín álfunnar því heillandi og fjölbreytileg.

Cabernet Sauvignon

Þrúgan er einkennisþrúga öflugra rauðra vína. Cabernet Sauvignon gefur af sér vín sem einkennast af kröftugri uppbyggingu, krydd-, jurta-, sólberja- og kúrenutónum. Í Ástralíu má gjarnan finna ilm af eucalyptus í þessum vínunum.

	09203	Jindalee Cabernet Sauvignon	750 ml	14%	1290 kr.
		2004 Dökkkirsuberjarautt. Meðalfylling, sætuvottur, ferskt, lítil þroskuð tannín. Sælgætiskennndur ávöxtur, mint.			
	06488	Lindemans Bin 45 Cabernet Sauvignon	750 ml	13%	1394 kr.
		2006 Rúbínrautt. Meðalfylling, þurrt, súruríkt, þroskuð tannín. Ávaxtahlaup, vanilla, karamella.			
	03496	Rosemount Cabernet Sauvignon	750 ml	14%	1455 kr.
		2005 Dökkkirsuberjarautt. Þétt fylling, þurrt, ferskt, þroskuð tannín. Dökk ber, jörð, lyng.			
R	12002	Wolf Blass Eaglehawk Cabernet Sauvignon	750 ml	13,5%	1310 kr.
		2005 Kirsuberjarautt. Meðalfylling, þurrt, ferskt, þroskuð tannín með sætkenndan dökkan berjakjarni.			
	05128	Yellow Tail Cabernet Sauvignon	750 ml	14%	1344 kr.
		2005 Dökk Rúbínrautt. Þétt meðalfylling, þurrt, sætuvottur, þroskuð tannín. Sætkenndur berjablámi, vanilla, ávaxtahlaup.			

Merlot

Mjukt, ávöxtur og jarðvegstónar eru einkenni Merlot þrúgunnar. Í Ástralíu þar sem þrúgan nær yfirleitt miklum þroska, verða þessi vín gjarnan sultukennd og silkimjúk.

	09202	Jindalee Merlot	750 ml	14%	1290 kr.
		2006 Kirsuberjarautt. Meðalfylling, þurrt, milt, lítil tannín. Ávaxtahlaup, dökk ber, mint.			
	07122	Rosemount Merlot	750 ml	13,5%	1455 kr.
		2005 Dökk Rúbínrautt. Mjúk meðalfylling, sætuvottur, ferskt, lítil tannín. Berjaríkt, plóma, mint, létt eik.			
	05130	Yellow Tail Merlot	750 ml	14%	1344 kr.
		2006 Rúbínrautt. Mjúk fylling, sætuvottur, milt, höfugt, lítil tannín. Negull, kanill, brómber, mint, eik.			
		 Shiraz			
		<i>Þessa þrúgu fluttu Ástralir með sér frá Rónardalnum í Frakklandi. Einkenni þrúgunnar er sætur ávöxtur í bland við krydd og þá sérstaklega pipar.</i>			
R	09205	Jindalee Shiraz	750 ml	14%	1359 kr.
		2005 Dökkkirsuberjarautt. Þurrt, lítil súra, meðalfylling, lítil tannín. Evkalyptus, mint, bláber, brómber, sultukennt.			
R	10991	Jindalee Shiraz	1500 ml	14%	1990 kr.
		2006 Rúbínrautt. Meðalfylling, þurrt, ferskt, lítil tannín, höfugt. Dökk ber, mentól, lakkrís.			
	01222	Lindemans Bin 50 Shiraz	750 ml	13,5%	1394 kr.
		2006 Rúbínrautt. Meðalfylling, þurrt, milt, lítil tannín. Kirsuber, lakkrís, mint, vanilla.			

R	12548	Lindemans Early Harvest Shiraz	750 ml	9%	1354 kr.
		2007 Dökrubínrautt. Meðalfylling, sætuvottur, ferskt, lítil tannín. Sætkenndur berjablámi, lyngtónar.			
	05927	McGuigan Black Label Shiraz	750 ml	13,5%	1480 kr.
		2004 Kirsuberjarautt. Meðalfylling, þurrt, ferskt, lítil tannín. Berjaríkt, lyng, mint, létt eik.			
	07945	Peter Lehmann Weighbridge Shiraz	750 ml	14,5%	1393 kr.
		2005 Kirsuberjarautt. Meðalfylling, þurrt, ferskt, lítil tannín. Ávaxtaþaup, mentól, vanilla.			
	03495	Rosemount Shiraz	750 ml	13,5%	1455 kr.
		2005 Dökkkirsuberjarautt. Mjúk meðalfylling, höfugt, þurrt og ferskt með lítil tannín. Kirsuber, plómur.			
	10003	Wolf Blass Eaglehawk Shiraz	750 ml	14%	1244 kr.
		2006 Rúbínrautt. Meðalfylling, þurrt, ferskt, lítil tannín. Sólber, vanilla, ávaxtaþaup.			
R	09687	Wombat Hill Shiraz	750 ml	14%	1290 kr.
		2003 Kirsuberjarautt. Meðalfylling, þurrt með snarpa syru, lítil tannín, mintu- og berjakeim.			
	08785	Wyndham Bin 555 Shiraz	750 ml	14,5%	1690 kr.
		2004 Dökkkirsuberjarautt. Meðalfylling, þurrt, ferskt, mjúk tannín. Dökk ber, vanilla, eik, eucalyptus.			
	05131	Yellow Tail Shiraz	750 ml	14%	1294 kr.
		2006 Dökrubínrautt. Mjúk meðalfylling, þurrt, sætuvottur, lítil þroskuð tannín. Brómber, bláber, plómur, vanilla, krydd.			
		Aðrar þrúgur og blöndur			
		<i>Ástralir framleiða margskonar vín sem eru blöndur á tveimur eða fleiri þrúgutegundum. Eftirtektarverðust og algengust af þessum blöndum er svokölluð GSM, eða blanda úr þrúgunum Grenache, Mourvedre og Shiraz.</i>			
R	12094	Barramundi Shiraz Cabernet	750 ml	14,5%	1191 kr.
		2005 Dökkkirsuberjarautt. Meðalfylling, þurrt, sætuvottur, ferskt, þroskuð tannín. Sólbakaður berjablámi, lakkrís, jurtatónar			
	06460	Hardys Stamps Shiraz Cabernet Sauvignon	750 ml	14%	1494 kr.
		2005 Kirsuberjarautt. Meðalfylling, þurrt, ferskt, þroskuð tannín. Mint, skógarber, ávaxtaþaup, vanilla.			
R	05261	Jacob's Creek Shiraz Cabernet	187 ml	13,5%	330 kr.
		2004 Dökrubínrautt. Meðalfylling, þurrt, ferskt, þroskuð tannín með léttan berjaraudu og kryddtóna.			
	03412	Jacob's Creek Shiraz Cabernet	750 ml	13,5%	1390 kr.
		2005 Kirsuberjarautt. Meðalfylling, þurrt, ferskt, þroskuð tannín. Vanilla, mint, sólber, lyng.			
	10662	Leap of Faith Shiraz Cabernet	750 ml	13,5%	1339 kr.
		2005 Kirsuberjarautt. Létt fylling, þurrt og súruríkt með lítil tannín og léttan berjatóna.			
	00183	Lindemans Cawarra Shiraz Cabernet	750 ml	13,5%	1154 kr.
		2006 Rúbínrautt. Létt, mjúk fylling, þurrt, milt, lítil tannín. Ávaxtaþaup, vanilla.			
R	10246	Lindemans Shiraz Cabernet	187 ml	13,5%	320 kr.
		2004 Dökrubínrautt. Ferskt með sætuvotti og mjúk tannín. Sælgætiskennndur berjaávöxtur og eukalyptustónar.			
R	08025	Penfolds Rawson's Retreat Shiraz Cabernet	750 ml	13,5%	1295 kr.
		2006 Dökrubínrautt. Þétt meðalfylling, þurrt, ferskt, mjúk tannín með þéttan sælgætiskennndan berjabláma og mjúka kryddtóna.			
	07117	Rosemount Cabernet Merlot	750 ml	13,5%	1355 kr.
		2006 Kirsuberjarautt. Létt fylling, þurrt, milt, lítil tannín. Létt ber, jörð, Stutt.			
	01620	Rosemount Shiraz Cabernet	750 ml	13,5%	1355 kr.
		2006 Rúbínrautt. Létt meðalfylling, þurrt, ferskt, lítil tannín. Létt berjabragð, jörð.			
		Nýja Suður-Wales			
		Frá þessu svæði koma að öllu jöfnu vín sem eru frekar öflug, fyllt af sól-rikum sultukenndum ávesti.			
		Shiraz			
	10644	Climbing Shiraz	750 ml	13,5%	1493 kr.
		2005 Dökrubínrautt. Mjúk meðalfylling, þurrt, ferskt, þroskuð tannín. Dökk ber, krydd, eik, mint.			

S	05930	McGuigan Shiraz Personal Reserve	750 ml	13,5%	3879 kr.
		2003 Dökrubínrautt. Þétt fylling, þurrt, ferskt, þroskuð tannín. Berjaríkt, vanilla, karamella, steinefni. Kröftugt, langt.			
	10643	Rolling Shiraz	750 ml	13,5%	1293 kr.
		2004 Dökrubínrautt. Meðalfylling, þurrt, ferskt, með mjúk tannín, kryddaðan berjaávöxt og eikartóna.			
		Aðrar þrúgur og blöndur			
	10645	Rolling Cabernet Merlot	750 ml	14%	1293 kr.
		2005 Kirsuberjarautt. Meðalfylling, þurrt, ferskt, þroskuð tannín. Berjaraudi, krydd, jörð, eik, mint.			
		Suður Ástralía			
		Hér spilar hátt hitastig inn í vingerðina með því að þrúgurnar ná fullum sultukenndum þroska, en jafnframt njóta vingarðarnir kælingar frá hafinu, sem tryggir að vinnin hafa gott súrstig til jafnvægis við sólrikan ávöxtinn.			
		Cabernet Sauvignon			
	04705	Lindemans Cabernet Sauvignon Reserve	750 ml	13,5%	1494 kr.
		2004 Dökkkirsuberjarautt. Meðalfylling, þurrt, súruríkt, lítil hörð tannín. Dökk ber, mint, lakkrís.			
	07769	Peter Lehmann Cabernet Sauvignon	750 ml	14%	1694 kr.
		2004 Dökkkirsuberjarautt. Þétt fylling, þurrt, ferskt, þroskuð tannín. Þéttur berjaríkur ávöxtur, mint.			
	07366	Rosemount Cabernet Sauvignon Show Reserve	750 ml	13,5%	2254 kr.
		1998 Dökmúrsteinsrautt. Mjúk meðalfylling, þurrt, ferskt, þroskuð tannín. Plómur, minnta, krydd, jörð, sveitatónar.			
R	12133	Wolf Blass Grey Label Cabernet Sauvignon	750 ml	14,5%	2653 kr.
		2003 Dimmkirsuberjarautt. Þétt meðalfylling, þurrt, mjúk tannín. Sultaður, sólbakaður ávöxtur, eik og eucalyptus.			
	02065	Wolf Blass Presidents Selection Cabernet Sauvignon	750 ml	14%	2295 kr.
		2004 Dökrubínrautt. Þétt fylling, þurrt, súruríkt, mjúk tannín. Vanilla, sólber, mint.			
	02057	Wolf Blass Yellow Label Cabernet Sauvignon	750 ml	14%	1594 kr.
		2005 Dökkkirsuberjarautt. Meðalfylling, þurrt, ferskt, lítil þroskuð tannín. Hindber, vanilla.			
		Merlot			
R	12513	Benchmark Merlot	750 ml	14,5%	1094 kr.
